



Umhverfis- og loftslagsstefna Landhelgisgæslu  
Íslands

## Framtíðarsýn

Tilgangur umhverfis- og loftslagsstefnu Landhelgisgæslu Íslands (LHG) er að tryggja aðgerðir sem styðja við markmið loftslagsstefnu Stjórnarráðsins um 40% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030 miðað við árið 1990. Landhelgisgæslan tekur umhverfis- og loftslagsmál föstum tökum og hefur sett sér markmið og varðað leiðir til að draga úr umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar.

Stofnunin vinnur að stöðugum umbótum til dæmis með innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfisins og þátttöku í Grænum skrefum í ríkisrekstri. Landhelgisgæslan hefur lagt mikið upp úr snjallvæðingu umhverfismála í rekstri sínum. Þær snjalllausnir sem hafa verið innleiddar gera LHG kleift að mæla árangur af þeim aðgerðum sem lagðar eru fram í stefnu þessari frá degi til dags og endurskoða þær ef þurfa þykir. Auk þess mun LHG birta árlegt umhverfisuppgjör á heimasíðu sinni og skila upplýsingum úr grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar.

Leitast verður við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) frá viðbragðstækjum Landhelgisgæslunnar til dæmis með vistvænum orkugjöfum og orkuhagræðingu. Sem dæmi um orkuhagræðingu væri að varðskip nýttu raftengingar og hitaveitu í höfnum og að stjórnendur skipa og loftfara hafi þekkingu og reynslu til að draga úr olíunotkun eftir eðli viðbragðs hvernar björgunareiningar.

## Yfirmarkmið

Landhelgisgæslan ætlar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 3% til ársins 2030, þegar kemur að viðbragðsverkefnum, miðað við notkunareiningu samanber árangursmælikvarða í umhverfisuppgjöri. Viðmiðunarár er 2019, en þá var losun af þeirri starfsemi 6.125 tonn koltvísýringsígilda.

Dregið verður úr losun í annarri starfsemi þegar kemur að reglubundnum rekstri um 40%

Áherslan verður á tvennskonar aðgerðir:

- a) draga úr losun þar sem það er hægt
- b) að standa fyrir skynsamlegum mótvægisaðgerðum þar sem ekki er hægt að takmarka losun vegna eðlis starfseminnar.

Téðar aðgerðir styðja við stefnu stjórnvalda um kolefnishlutleysi fyrir árið 2040.

## Umfang

Aðgerðum vegna loftslagsstefnu Landhelgisgæslu Íslands má skipta í tvennt. Annars vegar viðbragðsverkefni LHG og hins vegar reglubundinn rekstur.

Viðbragðsverkefni LHG eru t.d. leit, björgun og eftirlit á skipum og loftförum. Unnið er að aukinni eftirlits og björgunargetu Landhelgisgæslunnar.

Með reglubundnum rekstri er átt við hegðun og menningu innan stofnunarinnar. Aðgerðir þar að lútandi eru:

## Samgöngur

- Losun vegna aksturs á bifreiðum stofnunarinnar
- Losun vegna viðskiptaferða starfsmanna innan- og utanlands.
- Losun vegna aksturs á bílaleigu- og leigubílum
- Fjöldi samgöngusamninga sem stofnunin gerir við starfsmenn

## Orkunotkun

- Rafmagnsnotkun á öllum starfsstöðvum
- Heitavatnsnotkun á öllum starfsstöðvum

## Úrgangur

- Losun GHG vegna úrgangs sem fellur til á öllum starfsstöðvum
- Endurvinnsluhlutfall á öllum starfsstöðvum

## Innkaup

- Hlutfall umhverfisvottaðs pappírs og prentþjónustu
- Hlutfall umhverfisvottaðra rekstrarvara
- Hlutfall umhverfisvottaðrar þjónustu, s.s. mótuneytis, bílaleigubíla, o.fl.
- Áhersla á viðskipti við birgja með umhverfisvottaðar vörur og þjónustu
- Áhersla á orkusparandi raftæki
- Vistvænni viðburðir og kynningarefni

## Efnanotkun og ræstipjónusta

- Magn ræsti- og hreinsiefna sem stofnunin kaupir
- Hlutfall umhverfisvottaðra ræsti- og hreinsiefna sem stofnunin kaupir
- Hlutfall umhverfisvottaðrar ræstipjónustu sem stofnunin kaupir

## Gildissvið

Umhverfis- og loftslagsstefna Landhelgisgæslunnar fjallar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og er unnin út frá leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um [loftslagsstefnur opinberra aðila](#). Stefnan nær til allrar starfsemi Landhelgisgæslunnar; skrifstofureksturs, flugreksturs, skipaútgerðar, varnamála o.fl., og tekur til eftirfarandi umhverfisþátta sem unnt er að fylgjast með og mæla.

## Eftirfylgni

Frá árinu 2019 hefur Landhelgisgæslan haldið grænt bókhald þar sem teknir eru saman þýðingarmestu umhverfisþættir í starfseminni. Niðurstöður bókhaldsins eru notaðar til að móta stefnu og aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum. Þá er stuðst við umhverfisuppgjör sem er byggt á niðurstöðum úr umhverfisbókhaldskerfinu Klappir Grænar Lausnir.

Landhelgisgæslan starfrækir Umhverfisráð sem samanstendur af einstaklingum frá öllum starfseiningum stofnunarinnar. Umhverfisráð heldur a.m.k 1 fundi í mánuði til að sinna framkvæmd og eftirfylgni með umhverfismálum.

Fyrir 1. apríl ár hvert er grænt bókhald fyrra árs tekið saman og því skilað í gagnagátt Umhverfisstofnunar. Rekstrarsvið sér um að taka bókhaldið saman í samstarfi við Umhverfiráð LHG. Umhverfis- og loftslagsstefnan er rýnd árlega af Umhverfiráði, og áherslur, markmið og aðgerðaráætlun uppfærð þegar niðurstöður græns bókhalds liggja fyrir. Allar breytingar verða lagðar fyrir framkvæmdastjórn til samþykktar.

Niðurstöðum úr grænu bókhaldi og árangri umhverfis- og loftslagsstefnu er miðlað á vef Landhelgisgæslunnar og í rafrænni ársskýrslu ár hvert. Einnig birtast niðurstöður græns bókhalds á [heimasíðu grænna skrefa](#) ásamt niðurstöðum annarra ríkisstofnana.

Forstjóri ber ábyrgð á umhverfis- og loftslagsstefnu Landhelgisgæslu Íslands og gæðastjóri á framkvæmd hennar.

## Kolefnisjöfnun

Árið 2021 var komið á samvinnuverkefni milli Landhelgisgæslu Íslands og Landgræðslu ríkisins. Landhelgisgæslan hefur tækifæri til að nýta hluta af þjálfunar og æfingartíma þyrlusveita til að sinna nauðsynlegum uppgræðsluverkefnum fyrir Landgræðsluna. Þannig nýtist bæði mannskapur og fjármunir einstaklega vel og afraksturinn er kolefnisjöfnun á mótí óhjákvæmilegri losun Landhelgisgæslunnar. Áætlanir eru um frekari aðgerðir á borð við skógrækt á öryggissvæði LHG í Keflavík sem hefjast vorið 2022.


## Umhverfis- og loftslagsstefna Landhelgisgæslunnar tekur mið af:

- [Aðgerðaáætlun LHG í umhverfis- og loftslagsmálum](#)
- [Reglum til stuðnings við umhverfis- og loftslagsstefnu LHG.](#)
- [Leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um loftslagsstefnur opinberra aðila](#)
- [Skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu](#)
- [Aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum](#)
- [Yfirlýsingu forstöðumanna stofnana umhverfis- og auðlindaráðuneytis um samdrátt í losun GHG og kolefnishlutleysi](#)
- [Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna](#)
- [Grænum skrefum](#)

Stefnan rýnd árlega af umhverfisteymi LHG, samþykkt af framkvæmdastjórn og staðfest af forstjóra

21. 01. 2022

Dags



Georg Kr. Lárusson